

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018, stækkun golfvallar að Jaðri.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 22. desember 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar frá 15. desember 2006.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Þéttbýlismörk Akureyrar færast til suðvesturs með stækkun þéttbýlis.
2. Opið svæði til sérstakra nota undir golfvöll stækkar til norðurs, vesturs og austurs með breytingu á óbyggðu svæði, niðurfellingu opins svæðis til sérstakra nota – stækkun golfvallar og minnkun opins svæðis til sérstakra nota – íþróttar- og útivistarssvæðis.
3. Nýju blönduðu opnu svæði til sérstakra nota og verslunar- og þjónustusvæði undir hótellbyggingu og aðra þjónustu innan hins opna svæðis undir golfvöll.
4. Legu göngu- og útivistarstíga er breytt.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 22. desember 2010.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Íris Bjargmundsdóttir.*